

við, sem óheimilt sè að selja á ófridartímum, eptir sèrstaklegu samkomulagi milli Hans Hátignar Konungsins og útlendra þjóða, geymir utanríkisstjórnin sèr rétt til að auglýsa það, sem þörf kynni að verða í því efni, eptir að hafa leitað úrskurðar Hans Hátignar Konungsins.

1870.  
19. ágúst.

## 5. gr.

Af því Hans Hátign Konungurinn hefur ásett sèr, að veita hvorugum í ófríði þeim, er nú stendur yfir, er öllum þegnum Konungs á Íslandi hèrmed bannað, yfir höfuð að ganga í nokkra herþjónustu, hvorki á sjó nè landi, hjá þjóðum þeim er í stríði eiga, og sèr í lagi skal þeim bannað að leiðbeina herskipum eða flutningsskipum þessara þjóða út fyrir íslenzk hafnsögu svið.

Þetta auglýsist hèrmed öllum hlutaðeigendum til eptirbreytnis.

Utanríkisstjórnin, Kaupmannahöfn, 19. ágúst 1870.

*O. D. Rosenörn-Lehn.*

**83. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um árpening handa dannebrogsmanni.** 12. septbr.

Orðustjórnin hefir tilkynnt dómsmálastjórninni, að hans hátign konunginum hefir þóknazt allramildilegast að fallast á 31. f. m., að fyrrum hreppstjóra, Ólafi Jónssyni á Sveinstöðum í Húnavatns-sýslu, verði veittur 50 rd. árpeningur úr orðusjóðnum frá 1. júlím. þ. á.

Þetta gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtíð það, og skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum á Íslandi, að borga árpening þenna úr jarðabókarsjóðnum, 35 rd. á hverju misseri, hafi hlutaðeigandi verið á lífi þann dag, er úrskurður konungs fèll á þetta mál.